



Smásöluvísitala Rannsóknaseturs verslunarinnar:

Minnkandi verslun í júlí en vísbending um jafnvægi

Velta í dagvöruverslun dróst saman um 2,4% á föstu verðlagi í júlí miðað við sama mánuð í fyrra en jókst um 1,9% á breytilegu verðlagi. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum dróst velta dagvöruverslana saman í júlí um 1,9% frá sama mánuði árið áður. Verð á dagvöru hækkaði um 4,4% á síðastliðnum 12 mánuðum.

Sala áfengis dróst saman um 3,4% í júlí miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi en jókst um 2,7% á breytilegu verðlagi. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum nam samdráttur í veltu áfengis í júlí 3,8% frá sama mánuði í fyrra. Verð á áfengi var 6,3% hærra í júlí síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra.

Fataverslun var 2,0% minni í júlí miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi og jókst um 4,8% á breytilegu verðlagi á sama tímabili. Verð á fötum var 7,0% hærra í júlí síðastliðnum en í sama mánuði ári fyrr.

Velta skóverslunar jókst um 1,4% í júlí á föstu verðlagi og jókst um 14,1% á breytilegu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra. Verð á skóm hækkaði um 12,5% frá júlí í fyrra.

Velta húsgagnaverslana var 5,9% minni í júlí en í sama mánuði í fyrra á föstu verðlagi og var 1,7% minni á breytilegu verðlagi. Velta sérvæslana með rúm minnkaði um 11,5% frá því í fyrra á föstu verðlagi. Verð á húsgögnum var 4,4% hærra í júlí síðastliðnum miðaða við sama mánuð í fyrra.

Sala á raftækjum í júlí jókst um 13,1% á föstu verðlagi frá sama mánuði í fyrra og um 15,4% á breytilegu verðlagi á sama tímabili. Verð á raftækjum hækkaði um 2,0% frá júlí 2009.

júl.10	Breytilegt verðlag		Fast verðlag		Fast verðlag, árstíðaleiðrétt	
	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári
Dagvara	14,6%	1,9%	14,6%	-2,4%	0,9%	-1,9%
Áfengi	45,2%	2,7%	45,4%	-3,4%	4,0%	-3,8%
Föt	33,8%	4,8%	49,2%	-2,0%	6,7%	-1,0%
Skór	27,9%	14,1%	42,2%	1,4%	14,5%	5,9%
Húsgögn	15,3%	-1,7%	13,8%	-5,9%		
Raftæki	-2,0%	15,4%	-1,7%	13,1%		

Verðlag og neysla

Verulega hefur dregið úr verðhækkunum frá síðasta ári og hefur verð lækkað í öllum vöruflokkum frá mánuðinum á undan, nema verð á húsgögnum sem hækkaði um 1,3% frá júní. Fataverslun í júlí, sem einkennast af sumarútsölum, var 2% lakari að raunvirði en í júlí í fyrra. Skóverslun gekk hins vegar betur og jókst um 1,4%. Raftækjaverslun virðist heldur vera að ná sér á strik eftir mikinn samdrátt að undanfögnu. Þannig var raunvelta í raftækjaverslun 13,1% meiri í júlí en í fyrra.

Verslun fyrir verslunarmannahelgina fór fram í júlí líkt og í fyrra. Ef marka má þann raunsamdrátt sem varð í veltu dagvöruverslana og áfengisverslun í júlí samborið við júlí í fyrra má ætla að landsmenn hafi ekki gert eins vel við sig í mat og drykk um síðastliðna verslunarmannahelgi og í fyrra. Fjöldi erlendra ferðamanna til landsins var 1,5% meiri en í júlí í fyrra samkvæmt mælingu Ferðamálastofu. Sú aukning virðist ekki hafa skilað sér í aukinni sölu á mat og drykk og rennir stoðum undir það mat ferðaþjónustuaðila að erlendir ferðamenn spari meira við sig nú en í fyrra.

Velta í flestum tegundum smásöluverslunar hefur það sem af er þessu ári verið heldur minni en á sama tímabili í fyrra að raunvirði. Samt sem áður hefur náðst jafnvægi í flestum tegunda verslunar nema þeirra sem selja varanlegar neysluvörur. Ýmsar hagtölur benda til að botninum sé náð í samdrætti einkaneyslu. Dæmi um það er hækkun kaupmáttar launa í júlí í fyrsta sinn um langt skeið, eða um 0,3%.

Nánari upplýsingar veita Kári Joensen (kari@bifrost.is) og Emil B. Karlsson (emil@bifrost.is), forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar í síma 822 1203